

## **Jafnréttisstefna Knattspyrnufélagsins FRAM**

Knattspyrnufélagið FRAM stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu. Við viljum að í FRAM ríki raunveruleg jafnrétti, þar sem allir einstaklingar óháð kyni, litarhætti eða búsetu njóti sín og blómstri. Íþróttafélagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

Jafnréttisstefnan nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins. Stefnan er endurskoðuð og lagfærð ef þurfa þykir í kjölfar skila á greinargerð um framkvæmd hennar. Íþróttir skipa stóran sess í uppvexti margra barna. Íþróttir stuðla að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins, heilbrigðum lífsstíl og almennri vellíðan. Í íþróttum setja iðkendur sér markmið og fylgja þeim eftir með góðri skipulagningu og leiðsögn. Með íþróttþjálfun byggjum við upp öfluga einstaklinga sem fara afstað út í lífið með gott veganesti sem stuðlar að hreysti og heilbrigði.

### **Knattspyrnufélagið FRAM leggur áherslu á eftirfarandi atriði í jafnréttisáætlun sinni:**

- Knattspyrnufélagið FRAM úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri. Þess er gætt að bæði kyn njóti þess að vera á „jafngóðum“ tíma dagsins. Þessa þarf að bæði kynin njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Samræmi sé í fjárveitingum innan FRAM til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.
- Verðlaun til beggja kynja og innan allra greina eru sambærileg. Fram upplýsir kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu FRAM að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina í verðlaunum.
- Kynin njóti sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá FRAM.
- Við úthlutun úr afrekssjóðum eru upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri sem jöfnust hjá félaginu.
- Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar beggja kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfara sé þess þörf.
- Þjálfarar FRAM njóta sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Þjálfarar FRAM hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.

## **Knattspyrnufélagið FRAM leggur metnað í eftirfarandi atriði í jafnréttisáætlun sinni:**

- Þess er gætt að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.
- Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.
- FRAM vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hverrar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.
- Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum FRAM er þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og hlutfall annars kynsins ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.
- Þess er gætt á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar að bæði konur og karlar komi fram fyrir hönd FRAM.
- Þess sé gætt að kynjahlutfall starfsfólks á skrifstofu og í íþróttamannvirkjum FRAM sé sem jafnast.
- Þess sé gætt að starfsfólk félagsins njóti sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Að starfsfólk FRAM hafi sömu tækifæri, óháð kyni, til að alfa sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.
- Að mismuna ekki kynjum í fjáröflunum á vegum félagsins/deilda í heild sinni.

Liður	Mæling	Tímasetning	Mæling/úttekt	Ábyrgð
Tímar	Úttekt á tímatöflum	Upphafi anna	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Aðstaða	Úttekt á aðstöðu	Upphafi anna	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Fjármagn	Úttekt á fjárveitingum	Eftir tímabil	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Umfjöllun	Úttekt á efni	Vor og haust	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Fyrirmyndir	Úttekt á áherslum	Vor og haust	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Staðalímyndir	Stöðumat	Janúar	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Verðlaun	Úttekt	Haust	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Laun og hlunnindi	Úttekt úr bókhaldi	Mars-apríl	Launafulltúri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Afreksstjóðir	Árlega	Maí	Bókari	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Fræðsla og endurmenntun	Árlega	Ágúst	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Stjórnir, ráð og nefndir	Úttekt á hlutfalli kynja	Janúar	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Andlit/málsvari	Úttekt á áherslum	Desember	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri
Kynjahlutfall starfsfólks	Úttekt á hlutfalli kynja	Janúar	Íþróttastjóri	Aðalstjórn/Framkvæmdarstjóri

Samþykkt á fundi aðalstjórnar FRAM 7. nóvember 2023.